

Níu lög að vestan

I. Fylli vindur voðirnar

1.
Fylli vindur voðirnar,
væri synd að neita,
að þá sje yndi yfir mar
árahind að beita.

2. (4.)
Þegar kringum skipið skafll
skall með ringi sína,
best sá þvinga báruafl
Breiðfirðinga mína.

Herdís Andrésdóttir (1858-1939)
(úr kvæðinu *Siglingavísur*)

II. Gleðisólin glóir bjarta

Gleðisólin glóir bjarta
gott er að vera í kaupum slyngur
loksins fékk hann lambið svarta
leikur nú við kvurn sinn fingur.

Ólafur Pétursson (1863-1955)
frá Stóru-Tungu á Fellsströnd

III. Mörgum þykir mesta kvöl

1.
Mörgum þykir mesta kvöl
missir góðra vina;
þeir, sem aldrei þekktu böl,
þekkja ei huggunina.

2. (3.)
Þó að birti sorgin sig,
samt þú rór munt vera,
látirðu vona vængi þig
um vegi lífsins bera.

3. (4.)
Á þig hér þó andi kalt
úfinn lífsins vetur,
sólarmegin samt þú skalt
sitja, nær þú getur.

Ólína Andrésdóttir (1858-1935)
(úr kvæðinu *Vonir*)

IV. Eg hef fengið af því nóg

1.

Eg hef fengið af því nóg,
oft með sára lófa,
út á lífsins ólgusjó
ein á báti að róa.

2.

Sjaldan hefir lognblið lá
ljett á þreyttum mundum,
það hefir gefið oftast á
og yfir gengið stundum.

3.

Eg hef líka orðið mát
og undan látið skriða.
Enginn veit hvað einn á bát
á við margt að stríða.

4. (5.)

Þú, sem elskar alla menn
og allra greiðir veginn,
lofaðu mjer að lenda senn
við landið hinum megin.

5. (8.)

Engan heimta jeg Edensskóg
eða dýrðarheima.
Lof mjer bara að lifa í ró
og liðnum tíma gleyma.

Herdís Andrésdóttir
(úr kvæðinu *Ein á báti*)

V. Gyllir sjóinn sunna rík

1.

Gyllir sjóinn sunna rík,
sveipast ró um Faxavík.
Esjan glóir gulli lík,
gleði bjó mjer fegurð slík.

2.

Samt jeg allra svásast finn
sólarfall við Jökulinn;
vermist mjallar vanginn þinn,
vesturfjalla kóngurinn.

Ólína Andrésdóttir
(úr *Breiðfirðinga-vísun*)

VI. Þeysti góa

1.
Þeysti góa í garð með snjó
geyst á nógu skriði.
En þorri hló og hneig og dó
hljótt í ró og friði.

2.
Góa þótti okkur ill,
yndi stundum skerða.
En einmánuður ekki vill
eftirbátur verða.

3. (8.)
Leikur grátt og lýir mátt,
litlum sáttum heitir,
norðanáttar hljóðið hátt,
hörpuslátt er þreytir.

Herdís Andrésdóttir
(úr kvæðinu *Góuvísur*)

VII. Þarna liggur hún Þuríður heitin

1.
Þarna liggur hún Þuríður heitin,
hér var piltur margur áleitinn
af því þú varst fríð kona fundin,
farðu vel því komin er stundin.

2.
Meðan að þú mældir út svitann,
margan skilding fallega litan
fékkstu meðan fjörið var heitast,
fjarski er hvað tímarnir breytast.

3.
Öndin þegar skaust útúr skroknum,
skipti fljótt um hljóðið í strokknum
vinakossinn verður ei fremur
votur þar til sumarið kemur.

Eftirmæli eftir brennivínstunnu sem hét Þuríður.
(1. erindið er eignað Birni Björnssyni á Klúku (1809-1908))

VIII. Vetur

1.
Vetur faldar fjallið blátt,
fannar kalda serki,
gríma aldin heldur hátt
húmsins skjaldarmerki.

2.
Frostin stíga fast á völlum,
ferli víga heyja,
blómin síga undan öllum,
út af hníga og deyja.

Ólína Andrésdóttir

IX. Sæförin

1.
Skips við súð eg hvíli hér,
heyrast ölduflóðin,
Ránar dætur rugga mér,
raula vögguljóðin.

2.
Valta fleyið vaggan er,
vot er gröfin undir;
sæför lífs, hve samar þér
sýnast þessar stundir!

3.
Æviknör um æginn ber,
þar örlaga bylgjur leikast;
milli fjörs og feigðar er
fjalborð allra veikast.

Steingrímur Thorsteinsson (1831-1913)